

**39. fundur framkvæmda- og veitunefndar haldinn í Aratungu, Reykholti,  
föstudaginn 30. júní 2023, kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Stefanía Hákonardóttir boðaði forföll og í stað hennar sat Guðrún S. Magnúsdóttir fundinn, Helgi Kjartansson, Jón Forni Snæbjörnsson, Ásta Stefánsdóttir, Benedikt Skúlason og Kristófer Arnfjörð Tómasson.

**Fundargerð ritaði:** Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

**1. Heimlögn vatnsveitu, Bringur 23 (Drumboddsstaðaland) - 2304045**

Umsókn Finns Geirssonar, dags. 25.04.2023, um heimlögn vatnsveitu að Bringum 23 L167230.

*Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir umsóknina.*

**2. Heimlögn vatnsveitu, Bringur 25 (Drumboddsstaðaland) - 2304046**

Umsókn Áslaugar Geirdóttur, dags. 25.04.2023, um heimlögn vatnsveitu að Bringum 25L167229.

*Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir umsóknina.*

**3. Samningur um afnot af landi og heitavatnsréttindum í landi Brautarhóls - 2304031**

Samningsdrög

*Samningsdrög eru til yfirferðar hjá landeiganda.*

**4. Dæluhús Bláskógvæitu Laugarvatni - 2305015**

Dæluhús Bláskógvæitu Laugarvatni

*Farið var yfir teikningar að væntanlegu dæluhúsi. Kostnaðaráætlun verður lögð fram.*

**5. 2. áfangi Borgarrima (Borgarrimi 10-17) - 2208024**

2. áfangi Borgarrima, tilhögun jarðvinnu.

*Magnús Ólason frá Eflu kom inn á fundinn undir þessum lið og fór yfir þau gögn sem liggja fyrir.*

*Umtalsvert dýpi er á fastan botn í hluta vegstæðis. Stofnlögn fráveitu fyrir hverfið þarf að fara um götuna. Til að frágangur við stofnlögnina verði viðunandi þarf að ráðast í meiri jarðvegsskipti en áætlað var. Rætt var um nokkrar útfærslur á lagnastæði. Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að stofn fráveitu verði grafinn á fast. Kostnaðarauki nemur um 16 millj.kr. vegna aukinnar jarðvinnu.*

**6. Gata að Bjarkarbraut 1, Laugarvatni - 2306024**

Gata að Bjarkarbraut 1, útfærsla. Vísað til framkvæmda- og veitunefndar á 337. fundi sveitarstjórnar.

*Kristófer fór yfir stöðu málsins. Unnið verður að lausn í samráði við húseiganda.*

**7. Eftirlitsskýrslur HES 2023 - 2301070**

  
GSM H.K.  
AN

Niðurstöður úr sýnatökum HES í Laugarvatni í júní 2023, bókun Heilbrigðisnefndar frá 228. fundi.

*Fyrir liggja skýrslur um sýnatökur í Laugarvatni í júní. Kristófer gerði grein fyrir heim aðgerðum sem ráðist hefur verið i til að draga úr mengun. Magnús Ólason frá Eflu, sem sat fundinn undir þessum lið, gerði grein fyrir stöðu mála varðandi framkvæmdir við endurnyjun fráeitu á Laugarvatni.*

**8. Eftirlitsskýrslur HES 2023 - 2301070**

Niðurstöður HES úr sýnatoku í Íþróttamiðstöðinni á Laugarvatni 12. júní 2023.

*Lögð var fram skýrsla um niðurstöður vegna sýnatoku í baðvatni í Íþróttamiðstöðinni á Laugarvatni. Öll sýni stóðust þær gæðakröfur sem til baðavatns eru gerðar.*

**9. Jarðvegstippur í landi Spóastaða - 1905055**

Frágangur jarðvegstipps við Spóastaði, skýrsla HES um eftirlit, dags. 21.06.2023

*Skýrsla Heilbrigðiseftirlits Suðurlands var lögð fram. Áformáð er að lokið verði við hreinsun svæðisins innan þriggja vikna. Framkvæmda- og veitunefnd leggur áherslu á að málín verði lokið sem fyrst.*

**10. Verkfundargerðir vegna byggingar húss fyrir UTU við Hverabraut 6 - 2209023**

3. fundur haldinn 25.05.2023

*Fundargerð verkfundar var lögð fram.*

**11. Lyfta í Reykholtsskóla - 2110025**

Samningur um kaup á lyftu

*Lagður var fram samningur við HM lyftur um kaup á lyftu fyrir Reykholtsskóla. Kostnaður rúmast innan fjárhagsáætlunar.*

**12. Styrkir til fráveituframkvæmda 2023 - 2306036**

Auglýsing um styrki til fráveituframkvæmda 2023

*Lögð var fram auglýsing um að opnað hafi verið fyrir umsóknir sveitarfélaga um styrki til fráveituframkvæmda fyrir árið 2023. Umsóknarfrestur vegna styrkjanna er til 1. september 2023. Sviðsstjóra framkvæmda- og veitusviðs er falið að láta skila inn umsókn vegna framkvæmda sveitarfélagsins á árinu.*

Fundi slitið kl. 9:50.

Guðrún S. Magnúsdóttir  
Guðrún S. Magnúsdóttir

Helgi Kjartansson  
Helgi Kjartansson

Jón Forni Snæbjörnsson  
Jón Forni Snæbjörnsson

Asta Stefánsdóttir  
Asta Stefánsdóttir

Benedikt Skúlason  
Benedikt Skúlason

Kristófer Arnfjörð Tómasson  
Kristófer Arnfjörð Tómasson